

Fyrirspurn

til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra
um læknanema við erlenda háskóla.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hversu margir íslenskir ríkisborgarar leggja stund á grunnnám í læknisfræði við erlenda háskóla og hvernig skiptist fjöldi þeirra á milli landa?
2. Hver eru skólagjöld þeirra á ári að meðaltali annars vegar og miðgildi hins vegar? Svar óskast sundurliðað eftir námslöndum.
3. Hvert er viðhorf ráðherra til þess að læknanemar sem stunda grunnnám í læknisfræði við erlenda háskóla fái hluta af námslánum sínum felldan niður gegn því að þeir skuldbindi sig til þess að starfa í íslensku heilbrigðiskerfi?
4. Hvaða reglur gilda um inntöku læknanema í starfsnám hjá íslenskum heilbrigðisstofnunum (sérnámsgrunnsár)? Eru nemendur við erlenda háskóla jafnsettir þeim sem hafa stundað grunnnám á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.